

## Svar

**sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra við fyrirspurn frá  
Albertínu Friðbjörgu Elíasdóttur um hlutfall starfa  
utan ráðuneytis vegna COVID-19-faraldursins.**

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hversu hátt hlutfall starfsmanna atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins hefur sinnt störfum sínum utan ráðuneytisins að hluta eða öllu leyti vegna COVID-19-faraldursins?*

Hlutfall starfsmanna sem hefur sinnt störfum sínum utan ráðuneytisins frá upphafi COVID-19-faraldursins hefur verið breytilegt. Þannig voru á tímabilinu 23. mars – 30. apríl um 60% starfsmanna að jafnaði í fjarvinnu. Á tímabilinu frá 1. nóvember til ármóta unnu að jafnaði um 55% starfsmanna heima. Eftir áramótin var starfseminni skipt upp í sex sótt-varnarhólf svo að fleiri starfsmenn gætu sinnt störfum sínum á vinnustaðnum og eru nú að jafnaði um 25% starfsmanna í fjarvinnu.